

ÚRSKURÐUR

um arðskrá fyrir

Veiðifélag Fellsstrandar

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006
um lax- og silungsveiði:
Ásgeir Magnússon héraðsdómari
Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi
Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður

Árið 2015, miðvikudaginn 11. febrúar, kom matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 saman að Laugavegi 3 í Reykjavík. Mættir voru Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður, formaður nefndarinnar, Ásgeir Magnússon héraðsdómari og Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi.

Fyrir var tekið:

Að kveða upp úrskurð um arðskrá fyrir Veiðifélag Fellsstrandar.

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

1. Beiðni um mat

Með bréfi, dags. 18. apríl 2013, framsendi stjórn Veiðifélags Fellsstrandar kröfu eigenda Lyngbrekku og Svínaskógar, dags. 1. mars 2011, um að fram fari endurskoðun á gildandi arðskrá veiðifélagsins frá 9. apríl 1994, sbr. VII. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Í framhaldi þessa, og í samræmi við 6. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006, tók matsnefndin þetta erindi til meðferðar.

2. Matsfundur

Matsfundur með veiðiréttareigendum og/eða fulltrúum þeirra var haldinn 19. október 2013 í veiðihúsi félagsins við Kjalarfellsá. Var mál þetta þá tekið fyrir fyrsta sinni í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Skorað var á fundarmenn að upplýsa hvort þeir gerðu athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins en engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er, þ.e. nýtt mat á arðskrá fyrir Veiðifélag Fellsstrandar.

Nokkur umræða var á fundinum um hvaða þættir eru lagðir til grundvallar við arðskrárgerð og spurðu nokkrir fundarmanna um einstök atriði og komu sjónarmiðum sínum á framfæri.

Fundarmönnum var boðið að hitta matsmenn einslega eftir fundinn, en þeim var jafnframt kynnt að þeim gæfist síðar kostur á að koma skriflegum greinargerðum og kröfum á framfæri. Þá upplýstu nefndarmenn hvaða gögnum veiðifélagið þyrfti að skila til matsnefndar vegna arðskrárgerðarinnar og hafði formaður félagsins afhent matsmönnum flest þeirra gagna fyrir fundinn. Í sérstakri skrá aftast í matsgerðinni verður vikið að því hvaða gögn matsmenn höfðu til afnota við matið.

3. Vettvangsganga o.fl.

Vettvangsganga var farin laugardaginn 6. september 2014. Var í ferðinni rætt við þá veiðiréttareigendur sem óskuðu eftir að hitta matsnefnd á tilgreindum stöðum og voru aðstæður þar skoðaðar sérstaklega.

Vatnasvæði veiðifélagsins er myndað af tveimur meginám, Flekkudalsá og Tunguá (Galtardalsá), sem sameinast í Kjallaksstaðaá, stutt frá ósi árinna ofan Kjallaksstaðavogs.

Veiðitímabil á vatnasvæði veiðifélagsins er frá 1. júlí til 10. september ár hvert. Veitt er með þremur stöngum hvern dag og eru fluguveiðar eina leyfða veiðiaðferðin. Efri hluti Flekkudalsár, ofan Hallsstaða, og Tunguá, ofan Örtugadalsgils, er friðaður fyrir allri veiði.

4. Um veiðifélagið

Nafn félagsins er Veiðifélag Fellsstrandar. Félagið starfar samkvæmt samþykkt nr. 847/2008, sem staðfest var af Fiskistofu 20. ágúst 2008 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 4. september sama ár.

Í 3. gr. samþykktarinnar kemur fram að félagsmenn séu skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinna jarða og landareigna sem land eigi að Kjallaksstaðaá, Tunguá og Flekkudalsá, frá ósi í sjó til upptaka: Kjallaksstaða, Grundar, Stóra-Galtardals, Galtartungu, Stóru-Tungu, Orrahóls, Svínaskógs, Hallsstaða, Túngarðs, Staðarfells, Harastaða og Ytrafells.

Samkvæmt 4. gr. er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Þá er félaginu heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

Samkvæmt 6. gr. hefur stjórn félagsins á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar.

Í 11. gr. samþykktanna er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð.

5. Rekstur veiðivatna

Vatnasvæði veiðifélagsins hefur verið í útleigu í fjölmörg ár og var nýjasti leigusamningurinn undirritaður 19. september 2013. Samkvæmt samningnum er leigutaka leigður allur veiðiréttur í Flekkudalsá, Tunguá og Kjallaksstaðaá fyrir veiðitímabil árána 2014, 2015 og 2016, ásamt afnotum af veiðihúsi allt árið.

Á vatnasvæðinu er veitt á þrjár stangir í 72 daga á tímabilinu 1. júlí til 10. september ár hvert. Einungis er heimilt að veiða á flugu og hámarksveiði á dag eru fjórir laxar á hverja stöng.

6. Sjónarmið nokkurra eigenda veiðiréttar

Í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 403/2012 um arðskrár veiðifélaga var öllum eigendum veiðiréttar í veiðifélaginu gefinn kostur á að senda nefndinni skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Var bréf þessa efnis afhent öllum veiðiréttareigendum í kjölfar framangreinds fundar hinn 19. október 2013. Bárust nefndinni bréf frá tveimur veiðiréttareigendum og verða hér á eftir rakin helstu sjónarmið er þar koma fram.

6.1 Kjarlaksstaðir

Talsmaður eiganda jarðarinnar bendir á að í gildandi arðskrá veiðifélagsins frá árinu 1994 hafi hlutur jarðarinnar verið metinn 168 einingar, sem hafi þá verið lækkun um 5 einingar frá eldri arðskrá frá árinu 1983. Lækkun þessi hafi ekki verið rökstudd sérstaklega í matinu en tekið fram að 40% eininga hafi verið skipt með tilliti til veiði en rúmlega 30% með tilliti til landlengdar. Sé það skoðun eigandans að enginn grundvöllur hafi verið fyrir þessari lækkun og sé farið fram á að þetta verði nú lagfært, sérstaklega með hliðsjón af þeirri veiði sem fengist hefur á veiðistöðum við Kjallaksstaðaá á undanförunum árum. Þá liggja nú fyrir ítarlegar fiskirannsóknir Veiðimálastofnunar á vatnasvæði Flekkudalsár og sýni seiðavísitölumælingar að seiðamagn hafi aldrei mælst meira en undanfarin ár. Nýliðun hafi aukist frá árinu 2002 og búsvæði árinna framleiði mun meira nú en á þeim tíma sem síðasta arðskrármat hafi verið gert. Sé tvímælalaust að jörðin Kjallaksstaðir eigi að njóta þessa í hærra mati, enda beri að taka meira tillit til veiði einstakra veiðistaða en gert hafi verið í eldra mati.

6.2 Lyngbrekka

Eigendurnir fara í bréfi sínu fram á að öllum arði jarðanna Lyngbrekku og Orrahóls vegna veiði verði skipt jafnt milli þessara jarða, eins og kveðið sé á um í skiptasamningi, dags. 12. október 1979. Með samningnum hafi jörðinni Orrahól verið skipt í þessar tvær jarðir, sem séu sérskráðar í veðmálabókum og alveg aðskildar. Beitiland sé sameiginlegt en svo sé einnig á fleiri jörðum við Flekkudalsá.

7. Skipting arðs

7.1 Almennt

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og 1. gr. reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 403/2012 er veiðifélagi skylt að láta gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hvarrar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 11. gr. samþykktu fyrir Veiðifélag Fellsstrandar segir og að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.

Samkvæmt 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði skal við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks. Þá er í 7. gr. reglugerðarinnar um arðskrár veiðifélaga nánar kveðið á um þá meginþætti sem taka skal tillit til við niðurjöfnun á veiði eða úthlutun arðs af henni.

Í tilefni af kröfu eigenda Lyngbrekku um að arði jarðanna Lyngbrekku og Orrahóls vegna veiði verði skipt jafnt milli þessara jarða í samræmi við skiptasamning tekur matsnefnd fram að fallist er á þá kröfu.

Í arðskrármati nú er hafður á sá háttur að 10.000 einingar komi til skipta. Í köflum 7.2, 7.3, 7.4 og 7.5 hér á eftir er greint frá niðurstöðum matsnefndar um það hvernig einingum er skipt með tilliti til þeirra þátta sem tilteknir eru í framangreindum laga- og reglugerðarákvæðum. Skiptingu eininga á einstaka veiðiréttareigendur má sjá í kafla 8.

7.2 Aðstaða til stangveiði

Við mat á aðstöðu til stangveiði leggur matsnefnd almennt til grundvallar veiðitölur samkvæmt skilagreinum um veiði á einstökum veiðistöðum yfir tiltekið árabil frá gildistöku síðustu arðskrár, með hliðsjón af áreiðanleika þeirra veiðitalna sem fyrir liggja og aðstæðum að öðru leyti. Fyrir liggja skilagreinar Veiðimálastofnunar yfir veiði á félagssvæðinu allt frá árinu 1992, skipt niður á einstaka veiðistaði. Upplýst er að allt til loka veiðitímabilsins 2000 var heimilt að veiða bæði með flugu og maðki á vatnasvæðinu, en frá árinu 2001 hefur eingöngu verið heimilt að veiða þar með flugu. Með þetta í huga, og til að jafna sem mest út þær sveiflur í veiði sem af framangreindum breytingum kunna að hafa hlotist, er það niðurstaða matsnefndar að við úthlutun eininga vegna þessa þáttar verði lagðar til grundvallar veiðitölur um veiddan lax allt frá því síðasta arðskrá tók gildi, eða tímabilið 1994 til 2013, en veiðitölur fyrir árið 2014 liggja ekki fyrir. Óveruleg silungsveiði er á félagssvæðinu en við skiptingu eininga vegna hennar verður miðað við veiðitölur í silungsveiði frá 2004 til 2013.

Á viðmiðunartímabilinu veiddust alls 3.699 laxar og 126 silungar á veiðisvæðinu. Er niðurstaða matsnefndar sú að hæfilegt sé að skipta 4.860 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í laxveiði og 40 einingum vegna hlutdeildar þeirra í silungsveiði.

7.3 Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns

Við mat á vægi þessara viðmiðunarþátta er í senn litið til allra aðstæðna á svæðinu og gætt ákveðins samræmis við fyrri matsgerðir nefndarinnar og matsgerðir yfirmatsnefndar samkvæmt lögum nr. 76/1970. Verður samkvæmt því lagt sjálfstætt mat á gildi mældra lengdareininga bakka eftir því hvar á vatnasvæðinu þeir eru, sem leiðir til mismunandi niðurstöðu um vægi þeirra við úthlutun eininga.

Á fyrrnefndum fundi matsnefndar með veiðiréttareigendum 19. október 2013 lagði veiðifélagið fram bakkalengdarmælingu frá árinu 1960, sem gerð var af Kjartani Ólafssyni, Stóra-Galtardal, og Hans Matthíassyni, Orrahóli. Þar sem engar athugasemdir hafa borist vegna mælingarinnar verður hún lögð til grundvallar í mati þessu.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 2.370 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við landlengd vatnasvæðisins. Samkvæmt fyrrgreindum viðmiðum fá bakkar Kjallaksstaðaár, frá ósi í sjó að ármótum, vægið 1. Tunguá, frá ármótum að friðaða svæðinu, fær vægið 0,5, en Flekkudalsá, frá ármótum að friðaða svæðinu efst í dalnum, fær vægið 0,8. Sérstaklega er fjallað um friðuðu svæðin í kafla 7.5 hér á eftir.

7.4 Hrygningar- og uppeldisskilyrði

Uppeldis- og hrygningarskilyrði í veiðiam hafa mikla þýðingu fyrir viðgang þeirra fiskistofna er þar lifa og þar með fyrir verðmæti þeirra. Við mat þessa þáttar hefur matsnefnd í úrskurðum sínum stuðst við mat sérfræðinga á búsvæðum viðkomandi vatnasvæðis, sé það fyrirbyggjandi.

Árið 2012 voru búsvæði í straumvatni á vatnasvæði veiðifélagsins kortlögð og metin með tilliti til hrygningar- og uppeldisskilyrða fyrir laxfiska og liggur fyrir skýrsla Veiðimálastofnunar þar um, unnin af Sigurði Má Guðmundssyni og Ástu Kristínu Guðmundsdóttur. Náði búsvæðamatið til fiskgengra hluta Flekkudalsár, Tunguár og Kjallaksstaðaár. Ársvæðum var skipt upp í 15 einsleita kafla með tilliti til botngerðar og rennliseinkenna. Einkenni árkafla voru metin með þversniðum þar sem breidd farvegjar, dýpi og botngerð var metin í fimm flokka og reiknað framleiðslugildi eftir gæðum botnsins til fiskframleiðslu. Að endingu var reiknaður fjöldi framleiðslueininga, sem er nokkurs konar mat á framleiðslugetu árinna.

Fyrir liggur skilgrein Veiðimálastofnunar um skiptingu framleiðslueininga milli jarða, unnin af Ástu Kristínu Guðmundsdóttur 2014. Kemur þar fram að við skiptinguna hafi verið stuðst við bakkalengdarmælinguna frá árinu 1960.

Með hliðsjón af þessum gögnum er það niðurstaða matsnefndar að úthluta beri 2.400 einingum vegna þessa þáttar. Er þeim skipt milli veiðiréttareigenda í samræmi við fyrrgreinda skilgrein um skiptingu framleiðslueininga.

7.5 Friðun

Samkvæmt upplýsingum frá veiðifélaginu hafa svæðin fyrir ofan veiðistað 14 í Tunguá og veiðistað 24 í Flekkudalsá verið friðuð frá árinu 2000. Fram að þeim tíma hafi seiðum verið sleppt í árnar en það hafi ekki skilað tilætluðum árangri. Í samráði við fiskifræðing hafi verið ákveðið að hætta sleppingum, veiða eingöngu með flugu og friða árnar inn á dölunum. Þetta telur veiðifélagið hafa borið árangur og að veiði á félagssvæðinu hafi aukist. Samkvæmt fyrrnefndri skýrslu frá Veiðimálastofnun, um veiðar á einstökum veiðistöðum allt frá 1992, virðist fiskur ekki hafa verið skráður veiddur á þessum svæðum meðan þar voru heimilar veiðar.

Friðun einstakra veiðisvæða er gerð í þágu vatnasvæðisins í heild og er markmið hennar að bæta lífríki ána með aukinni seiðaframleiðslu. Almennt er slík aðgerð til hagsbóta fyrir alla veiðiréttareigendur. Samkvæmt 49. gr. laga um lax- og silungsveiði er heimilt að bæta tjón af völdum friðunar með úthlutun eininga í arðskrá. Matsnefnd ákveður að úthluta 80 einingum út á friðaða svæðið í Tunguá og 250 einingum út á friðaða svæðið í Flekkudalsá, auk úthlutunar eininga í samræmi við búsvæðamat. Þetta er m.a. gert með tilliti til þess að ekki er úthlutað einingum út á landlengd á þessum svæðum.

8. Skipting eininga

Með hliðsjón af því sem að framan hefur verið rakið er niðurstaða matsnefndar sú að arði skuli skipt með eftirgreindum hætti:

Matseining	Landlengd	Veiði	Búsvæði	Friðun	Einingar alls
Kjarlaksstaðir*	181	671	144		996
Ytri-Fell	385	1.526	234		2.145
Grund	105	296	92	7	500
Stóri-Galtardalur	-		96	33	129
Galtartunga	220	423	168	5	816
Stóra-Tunga	248	956	252	35	1.491
Orrahóll	174	191	84		449
Lyngbrekka	174	191	84		449
Svínaskógur	177	129	84		390
Hallsstaðir	102	3	185	75	365
Harastaðir	214	359	103		676
Staðarfell	383	155	734	100	1.372
Túngarður	7		140	75	222
	2.370	4900	2.400	330	10.000

*Samkvæmt samþykkt veiðifélagsins heitir jörðin Kjarlaksstaðir en í Landsskrá fasteigna heitir hún Kjarlaksstaðir.

9. Kostnaður og gildistaka

Allur kostnaður af mati þessu, 2.553.964 krónur án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélagi Fellsstrandar og rennur hann í ríkissjóð.

Arðskrá þessi tekur gildi daginn eftir birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 403/2012.

Úrskurðarorð:

Arðskrá fyrir Veiðifélag Fellsstrandar Dalasýslu skal vera sem hér greinir:

	Einingar
Kjarlaksstaðir	996
Ytri-Fell	2.145
Grund	500
Stóri-Galtardalur	129
Galtartunga	816
Stóra-Tunga	1.491
Orrahóll	449
Lyngbrekka	449
Svínaskógur	390
Hallsstaðir	365
Harastaðir	676
Staðarfell	1.372
Túngarður	222

Samtals 10.000

Reykjavík 11. febrúar 2015.

Hulda Rós Rúriksdóttir

sign.

Ásgeir Magnússon

sign.

Magnús Ólafsson

sign.

Gögn til afnota við matsgerð

A. Gögn um veiði og veiðistaði

1. Skilagrein, skipting stangveiðinnar í Flekkudalsá, Kjallaksstaðaá og Tunguá eftir veiðistöðum fyrir tímabilið 2004-2013.
2. Skilagrein, skipting stangveiðinnar í Flekkudalsá, Kjallaksstaðaá og Tunguá eftir veiðistöðum fyrir tímabilið 1992-2003.
3. Yfirlit yfir veiðistaði í Kjallaksstaðaá, Tunguá og Flekkudalsá.

B. Gögn um landlengd og búsvæði

1. Búsvæðamat á vatnasvæði Flekkudalsár á Fellsstönd. Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir.
2. Flekkudalsá í Dölum, samantekt um fiskirannsóknir 2012. Sigurður Már Einarsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Eydís Njarðardóttir.
3. Skilagrein um skiptingu framleiðslueininga milli jarða vegna búsvæðamats í straumvatni á vatnasvæði Flekkudalsár á Fellsströnd. Ásta Kristín Guðmundsdóttir, október 2014.
4. Lengdarmæling á Flekkudalsá, Kjallaksstaðaá og Tunguá frá árinu 1960.
5. Loftmyndir af vatnasvæðinu.

C. Arðskrár

1. Arðskrá fyrir Veiðifélag Fellsstrandar, dags. 9. apríl 1994.
2. Yfirlit yfir þróun arðskrár Veiðifélags Fellsstrandar frá 1962-2013.

D. Bréf frá eigendum veiðiréttar.

1. Bréf Eggerts Óskarssonar, f.h. stjórnar Kjarlaksstaða ehf., dags. 14. nóvember 2013.
2. Bréf Sveins Gestssonar, dags. 11. nóvember 2013, ásamt fylgigögnum:
 - Hlunnindamat Fasteignamats ríkisins fyrir Galtardalsá, Flekkudalsá og Kjallaksstaðaá, dags. 22. október 1997.
3. Bréf Báru H. Sigurðardóttur og Sigurðar B. Hanssonar ásamt fylgigögnum:
 - Skiptasamningur vegna jarðarinnar Orrahóls, dags. 12. október 1979.
 - Hlunnindamat Fasteignamats ríkisins fyrir Galtardalsá, Flekkudalsá og Kjallaksstaðaá, dags. 22. október 1997.
 - Yfirlýsing vegna jarðarinnar Lyngbrekku, dags. 24. ágúst 1988.
 - Lengdarmælingar á Flekkudalsá, Kjallaksstaðaá og Tunguá vorið 1960.

E. Bréf, fundargerðir, samþykktir o.fl.

1. Bréf eigenda Lyngbrekku og Svínaskógar, dags. 1. mars 2011. Beiðni um arðskrármat.
2. Bréf veiðifélagsins til matsnefndar, dags. 18. apríl 2013. Framsend beiðni um arðskrármat.
3. Bréf matsnefndar til veiðifélagsins, dags. 2. maí 2013. Beiðni um gögn.
4. Bréf matsnefndar til veiðifélagsins, dags. 24. september 2013. Beiðni um boðun fundar.
5. Bréf matsnefndar til veiðiréttareigenda, dags. 19. október 2013. Frestur vegna greinargerða.
6. Bréf matsnefndar til veiðifélagsins, dags. 2. júní 2014.
7. Bréf matsnefndar til veiðifélagsins, dags. 2. september 2014.
8. Bréf matsnefndar til veiðifélagsins, dags. 19. nóvember 2014.
9. Bréf veiðifélagsins til matsnefndar, dags. 1. desember 2014, ásamt fylgigögnum:
 - Fundargerð frá 28. maí 2012.
10. Fundargerð matsnefndar eftir fund með veiðiréttarhöfum 19. október 2013.
11. Samþykkt fyrir Veiðifélag Fellsstrandar.
12. Listi frá veiðifélaginu yfir veiðiréttareigendur.
13. Rekstrarreikningar Veiðifélags Fellsstrandar 2008-2012.
14. Leigusamningur vegna leigu á veiðisvæði Flekkudalsár, Tunguár og Kjallaksstaðaár, dags. 20. september 2010.
15. Leigusamningur vegna leigu á veiðisvæði Flekkudalsár, Tunguár og Kjallaksstaðaár, dags. 17. september 2013.